

Sp.

70. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um brottnám eða greftrun mannvirkja frá styrjaldarárunum.

Flm.: Oddur Ólafsson, Matthias Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta grafa eða fjarlægja herskálalabotna og gafla, svo og aðrar ónothæfar mannvirkjaleifar frá styrjaldarárunum, sem einn má sjá víða um land á byggðum og óbyggðum svæðum. Verk þetta verði unnið, að svo miklu leyti sem unnt er, á árinu 1974. Kostnaður við framkvæmdina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þótt liðin séu 28 ár frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari, má víða um landið sjá óhrjálegar rústir mannvirkja þeirra, er herir bandamanna reistu hér á styrjaldarárunum. Einkum er um að ræða steypu herskálalabotna, herskálagafla, sundursprungin steypustykki og ýmiss konar annað rusl úr fyrrgreindum byggingum. Leifar þessar eru í hróplegu ósamræmi við náttúru og landslag og oft þeim til ama, er í nágrenni búa.

Á árunum eftir styrjöldina mun hið opinbera hafa selt einstaklingum eða félögum það, er nýtilegt var úr byggingum þessum, og oft með þeirri kvöð, að leifar væru fjarlægðar eða grafnar. Sýnilega hefur orðið mikill misbrestur á framkvæmdum í þessu efni af ýmsum ástæðum.

Þar eð hér er um umhverfismál og fegrun lands að ræða, er eðlilegt, að stefnt sé að því, að landhreinsun þessi fari fram á afmælisárinu 1974. Erfitt er að gera sér grein fyrir heildarkostnaði við þessar framkvæmdir, en eðlilegt verður að teljast, að sá aðili, þ. e. ríkissjóður, er hlaut hagnaðinn af hinum nýtanlegu verðmætum, greiði kostnaðinn við hreinsun landsins.

Verk þetta þyrfti að vinna í samráði við landeigendur og sveitarstjórnir, en án efa hefði Vegagerð ríkisins besta aðstöðu til framkvæmdanna, þar eð hún er með stórvirkar vinnuvélar starfandi víða um landið mestan hluta ársins.